

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 10. tbl. 6. árg. 1. júní 2012

Leikskólinn Flúðir var á dögnum útskrifaður sem sjálfstæður SMT skóli og fékk skólinn afhentan fána í tilefni þess. Boðið var upp á léttar veitingar og komu foreldrar í heimsókn.



Hér á eftir verður fjallað stuttlega um þau verkefni sem felast í stjórnkerfisbreytingum sem samþykktar voru í bæjarstjórn þann 17. apríl s.l. Skóladeild og miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri hafa þegar hafið vinnu við að gera framkvæmdaáætlun vegna þessara verkefna.



Teymisvinna í skólum.

Með teymisvinnu er átt við að aðilar í teymum rýni með formlegum hætti í eigið starf og störf hver annars, þeir spyrja gagnrýninnu spurninga og leita saman leiða til að bæta starfið með nemendum. Á uppbyggjandi hátt er tekist á um og veittur stuðningur við leiðir og útfærslur ásamt því að leitað er að sameiginlegum skilningi á hugtökum til að vinna eftir. Einkenni teymisvinnu er ígrunduð umræða sem leiðir til djúprar og stöðugrar samræðu meðal kennara um námskrá, kennsluáferðir og þroska nemenda. Þessi vinnubrögð draga úr einangrun kennara og gera kennsluna sýnilega til þess að auðvelda umræðu um hana í umbótaskyni. Erlendar rannsóknir hafa beint athygli að þáttum sem tengjast samvinnu og teymisvinnu kennara og hvernig þeir þættir geta haft áhrif á starfsþróun þeirra. Í þeim kemur m.a. fram að árangursrík starfsþróun byggist á samvinnu kennara bæði á formlegan og óformlegan hátt. Rannsóknir gefa vísbendingar um að kennarar nái betri árangri í kennslu þegar þeir styðja hver annan, vinna og læra saman.

Ekki er verið að skylda skóla til að taka upp ákveðin vinnubrögð eða kennsluhætti, en eðlilegt þykir að benda á leiðir og vinnubrögð sem skila árangri, enda sýnir árangur íslenska menntakerfisins t.d. í PISA prófunum að þörf er á því að staldra við, meta aðferðir og leita nýrri og árangursríkari leiða. Þá er ljóst að tæknibyltingin krefur kennara og stjórnendur um að vera vel vakandi, tileinka sér nýja þekkingu og beita nýjum aðferðum til að gera námið skilvirkara, merkingarþærara og einstaklingsmiðaðra en nú er.

Mannauðsstjóri.

Unnið verður að því að skapa svigrúm til að ráða mannaúðsstjóra sem sinnir ráðgjöf til stjórnenda vegna starfsmannamála. Þá getur mannaúðsstjóri einnig sinnt ráðgjöf til starfsmanna skólanna. Í viðtalsrannsókn við skólástjóra leik- og grunnskóla sem kynnt var á vormánuðum 2011 kom m.a. fram að álag vegna starfsmannamála er mjög mikið og stendur faglegu starfi skólástjóra fyrir þrifum.

Ráðgjöf til leik- og grunnskólástjóra.

Skólástjórum leik- og grunnskóla verður veitt ráðgjöf til að efla faglega/kennslufræðilega forystu í skólunum, skerpa á stjórnunarfyrirkomulagi skólanna og skilgreina ábyrgðarhlutverk, starfsskyldur og vinnubrögð, umsjónarkennara, deildarstjóra, aðstoðarskólástjóra og fleiri hópa. Til að styrkja samfellu skólástjóra verða mynduð teymi skólástjóra leik- og grunnskóla, eitt eða fleiri, er vinni markvisst saman að kennslufræðilegum málum með reglulegum fundum. Þá verður leitað eftir auknu samstarfi við stjórnendur framhaldsskólanna til að styrkja og efla samfellu í starfi grunnskóla og framhaldsskóla.

Skóladeild skipuleggur reglulega faglegan samvinnudag allra skólástjóra á Akureyri, þar sem fjallað verður um leiðir til að uppfylla stefnu og sýn sem birtist í aðalnámskrá skólanna og skólustefnu Akureyrar. Þar verður unnið út frá framkvæmdaáætlunum og þróunaráætlunum. Þetta verkefni er mikilvægt við innleiðingu á nýjum aðalnámskrám allra skólástjóra.

Samkeppnin Tóbakslaus bekkur.

7. bekkur Síðuskóla var einn af níu hópum sem fengu verðlaun í keppninni Tóbakslaus bekkur. Keppnin var haldin meðal tóbakslausra 7. og 8. bekkja í öllum grunnskólum landsins. Alls tóku 250 bekkir þátt í samkeppninni og fengu allir þátttakendur senda sundpoka að gjöf. Til að eiga möguleika á fyrstu verðlaunum þurftu bekkirnir að senda inn áhugavert efni tengt tóbaksvörnum og er verðlaunaupphæðin 5.000 krónur fyrir hvern nemanda í bekknum. Verkefnið sem 7. bekkir í Síðuskóla skiluðu var í formi útvarpþátta.

Skóla-akur er vefðimarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8 - 13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Uppskeruhátíð leik- og grunnskóla.

Það voru margir upprennandi listamenn sem stigu á stökk og sungu, léku, dönsuðu eða sýndu aðra hæfileika í sérstakri skemmtidagskrá sem nemendur leik- og grunnskóla stóðu fyrir þann 16. maí í tilefni 150 ára afmælis Akureyrarbæjar. Hátíðarhöldin fóru að mestu fram í Hofi og á Ráðhústorgi en einnig var dansað í kirkjutröppunum, troðið upp í Eymundsson og víðar.

Fjöldmörg og margvísleg skemmtiatriði voru í boði og er óhætt að segja að nemendur í leik- og grunnskólum hafi sýnt mikil tilþrif og tjáð sig af innlifun við flutning atriða og skemmt gestum og gangandi vel.

Á hátíðinni voru afhent verðlaun fyrir ljóðasamkeppnina *Akureyri, brosandí bær* sem fram fór í leik- og grunnskólum í marsmánuði. Brynhildur Þórarinsdóttir, rithöfundur, tilkynnti um vinningshafana. Verðlaun fyrir besta ljóðið í leikskóla fengu börn á deildinni Vökuvellir á leikskólanum Naustajörn. Verðlaunaljóðið fyrir 1.-5. bekk er eftir Malik Stefán í 4. bekk Hlíðarskóla. Verðlaun fyrir besta ljóðið í 6.-10. bekk hlaut Þórunna Lilja, nemandi í 10. bekk Síðuskóla. Eymundsson gaf öllum verðlaunahöfundunum fallega bókgjöf.

Nemendur í 8. bekk Giljaskóla sáu um að grilla ofan í mannskapinn og voru 3000 pylsur afgreiddar. Nemendurnir stóðu sig með þryði og sýndu góða takta við grillin.



Fjölbreytt dönskukennsla í vetur.

Í vetur hefur danskur farkennari starfað í grunnskólum Akureyrarbæjar en samningur var gerður á milli Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og skóladeildar Akureyrarbæjar vegna starfa og dvalar dansks farkennara í grunnskólum í sveitarfélagsins. Samningurinn er gerður í tengslum við dansk-íslenskt samstarfsverkefni um stuðning við dönskukennslu á Íslandi. Markmiðið með verkefninu er að veita fræðslumiðstöðvum og skólaskrifstofum tækifæri til að efla dönskukennslu í grunnskólum í umdæmum þeirra með sérstöku tilliti til bættrar kennslu í munnlegri tjáningu og miðlun danskra menningar. Kennarinn heitir Mette Lybæch og kemur frá Kaupmannahöfn þar sem hún hefur kennt dönsku og ensku síðastliðin tíu ár. Nemendur og kennarar í grunnskólum Akureyrar hafa notið þess að hafa Mette hér í vetur en hún hefur farið í alla grunnskólana hér á Akureyri en einnig til Hríseyjar og í Þelamerkurskóla. Mette var í hverjum skóla í þrjár til fimm vikur og var áhersla lögð á tjáningu í dönskukennslunni. Mikil ánægja hefur verið með veru Mette í skólunum, bæði hjá kennurum og nemendum, og vildu flestir hafa hana lengur en í boði var. Það er því ljóst að mikil ánægja er með nýjungar og fjölbreytilega dönskukennslu.

Viðurkenningar skólanefndar fyrir framúrskarandi störf í skólum bæjarins.

Fimmtudaginn 31. maí veitti skólanefnd Akureyrarbæjar viðurkenningar skólanefndar fyrir framúrskarandi störf í skólum bæjarins. Þetta er í þriðja sinn sem skólanefnd veitir viðurkenningar af þessum toga og bærust alls um 40 tilnefningar um nemendur, kennara og starfsmenn við skóla Akureyrarbæjar.

Óskað var eftir tilnefningum frá starfsmönnum, skólum og foreldrum um nemendur og starfsmenn eða verkefni sem talin voru hafa skarað fram úr í skólustarfi. Valnefnd sem skipuð var fulltrúum frá skólanefnd, samtökum foreldra og miðstöð skólaþróunar HA fór yfir tilnefningarnar og gerði tillögu til skólanefndar. Nánar verður fjallað um viðurkenningarnar í næsta tölublaði 7. júní.

Grein í Netlu.

Að taka flugið: Þróunarstarf í Hlíðarskóla á Akureyri.

Grein Bryndísar Valgarðsdóttur, Reyfis Hjartarsonar og Ingvars Sigurgeirssonar segir frá þróunarstarfi í Hlíðarskóla á Akureyri. Um tuttugu nemendur stunda nám í skólanum en hann er hugsaður sem skammtímaúrræði fyrir þá nemendur sem af einhverjum ástæðum aðlagast ekki starfinu í heimaskóla sínum. Kennsluhættir í skólanum hafa til skamms tíma að mestu verið hefðbundnir en áhersla lögð á mikla nánd og einstaklingsmiðun. Á síðasta ári var ákveðið að ráðast í umfangsmiklar breytingar á kennsluháttum sem ásamt fleiru miða að því að efla þátttöku nemenda með fjölbreyttum viðfangsefnum sem tengjast áhugasviðum þeirra. Afar góð reynsla hefur fengist af þessari tilhögun og eru viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna til hennar mjög jákvæð. Sjá nánar á: <http://netla.hi.is/greinar/2012/alm/005.pdf>.